

Föstudaginn 9. febr. 1934.

Nr. 12/1934. **Valdstjórnin** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jafet Sigurðssyni.

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn l. nr. 97/1933.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. dez. 1933: Kærður, Jafet Sigurðsson, greiði 15 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og komi tveggja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 6 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Gústafs A. Sveins-

sonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt kæru frá Mjólkurbandalagi Suðurlands höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jafet Sigurðssyni kaupmanni, Bræðraborgarstig 29 hér í bænum, fyrir brot á ákvæðum laga nr. 97 frá 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina. Í fyrri málsgrein fyrstu greinar ofnannefndra laga nr. 97 frá 1933 er svo ákveðið, að í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skuli óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skuli þó mjólkurbú er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn. Í síðari málsgrein 1. greinar er svo ákveðið, að ákvæði fyrri málsgreinar taki ekki til sonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytanda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni allt að krónur 500. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sömu sjóða allt að jafn hárrí upphæð.

Atvinnumálaráðuneytið hefir með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu í gær tilkynnt almenningi, að það hafi viðurkennt „sem fullkomin mjólkurbú samkvæmt lögum nr. 97 19. júní 1933 eftirgreind bú:

Mjólkurbú Flóamanna við Ölvesárbrú.

Mjólkurbú Ölvesinga í Hveragerði.

Mjólkurbú Mjólkurfélags Reykjavíkur í Reykjavík.

Mjólkurbú Mjólkurfélags K. E. A. á Akureyri.

Mjólkurbú Kaupfélags Borgfirðinga, Borgarnesi.

Mjólkurbú Thor Jensen á Korpúlfsstöðum í Mosfells-
sveit.

Mjólkurbúið á Korpúlfsstöðum telst fullnægja skilyrð-
um þeim, er getur í öðrum málslið 1. mgr. 1. gr. nefndra
laga“.

Þótt þessi auglýsing sé aðeins undirrituð „Atvinnu-
málaráðuneytið“, en hvorki af ráðherra sjálfum eða skrif-
stofustjóra hans, verður að telja hana lögfulla tilkynningu
til almennings um það, að um leið og hún er birt sé óheim-
ilt að selja hér í bænum ógerilsneydda mjólk framleidda
utan kaupstaðarins eða kaupsinsins.

Ógerilsneydda mjólk má að vísu selja samkvæmt á-
kvæðum 2. mgr. 1. gr. eða svonefnda barnamjólk. En um
þetta atriði er það að segja, að það er hlutverk bæjarstjórn-
ar og atvinnumálaráðherra, að skilgreina í reglugerð hug-
takið barnamjólk og ákveða hver skuli vera einkenni henn-
ar. Þessi reglugerð hefir enn ekki verið sett. Þess vegna
verður að líta svo á að sú undantekning er síðar kann að
koma fram í þessari reglugerð um sölu vissrar tegundar
af ógerilsneyddri mjólk framleiddri utan lögsagnarumdæm-
isins sé að minnsta kosti ekki enn til staðar.

Kærður hefir játað, að hann hafi í gær og í dag selt ó-
gerilsneydda mjólk í búð sinni á Bræðraborgarstíg 29.
Mjólk þessi er keypt af Einari Guðmundssyni, Bollagörð-
um á Seltjarnarnesi og framleidd þar. Þessa mjólk seldi
hann í gær og í morgun auk gerilsneyddrar mjólkur frá
Mjólkurbúi Flóamanna, en Lögbirtingarblaðið, með aug-
lýsingu atvinnumálaráðuneytisins, kveður hann hafa ver-
ið borið til sín í gær kl. 5—6 síðdegis.

Dómarinn verður því að líta svo á, að kærður hafi með
því að selja þessa ógerilsneyddu mjólk brotið gegn á-
kvæðum laga nr. 97, frá 19. júní 1933, og þykir sektin, sem
hann hefir tilunnið, hæfilega metin 15 krónur til bæjar-
sjóðs Reykjavíkur, og komi tveggja daga einfalt fangelsi
í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 6 daga frá lög-
birtingu dóms þessa. Auk þess greiði kærður allan kostn-
að sakarinnar.